

## Útdráttur

Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun verður að hafa gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun. Fiskimjölsverksmiðjur eru í þessum hópi en yfirleitt eru þær aðeins starfræktar hluta úr ári. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun verður einnig að hafa grænt bókhald, en það veitir almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í fyrirtækinu. Einnig er sett krafa um að fyrrnefnd fyrirtæki haldi útstreymisbókhald, en markmiðið með því er að safna samanburðarhæfum upplýsingum um útstreymi mengunarefna frá tiltekinni starfsemi.

Framkvæmdar voru rannsóknir á frárennsli fiskimjölsverksmiðju í Vestmannaeyjum, svifefni, fita, fosfór, köfnunarefni og TOC (total organic carbon, ísl. heildarmagn lífræns kolefnis) voru greind. Niðurstöðurnar eru settar fram í töflum og súluritum en þær sýna að umhverfisálagið vegna verksmiðjunnar er langt yfir viðmiðunarmörkum Umhverfisstofnunar. Þetta gefur þó ekki alls kostar rétta mynd vegna þess að sýnataka fór fram á hrognatímabili verksmiðjunnar en það er þekkt að lífrænn úrgangur er margfalt meiri á þeim tíma en undir venjulegum kringumstæðum.

Mengunin sem berst í hafið getur haft víðtæk áhrif, mest mengun berst með frárennsli frá landi eða 44%. Mikið af lífrænu efni er í skólpi en mengun af þeirra völdum eykur álagið á vistkerfið. Lífræn mengunarefni eru ekki skaðleg í sjálfu sér heldur er það fyrst og fremst yfirmagn þeirra sem getur verið skaðlegt lífríkinu. Með aukinni mengun breytist efnasamsetning hafsins ásamt lífríki þess, það hefur ekki einungis áhrif á veiðar og afkomu, heldur hefur það einnig áhrif á loftslag og veðurfar, og þar með á allt líf á jörðinni.